

**123 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð P. Hansen**  
27. okt. Ishøj«, gefin út á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. október 1915.  
Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir »Styrktarsjóð P. Hansen Ishøj.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af ódalsbónda Peder Hansen Ishøj, Danmörku, og nefnist »Styrktarsjóður P. Hansen«.  
Stofnfje sjóðsins er 500 krónur.

### 2. gr.

Sjóð þennan skal ávaxta á tryggum stað, og skulu vextir leggjast við höfuðstól, þartil sjóðurinn er orðinn svo stór, að  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna nema 100 krónum.  $\frac{1}{5}$  vaxtanna skal leggja við höfuðstól, þartil ársvextir nema 500 krónum.  $\frac{4}{5}$  ársvaxtanna skal verja samkvæmt 3 gr., þegar sú upphæð nemur 100 kr. Þegar hærra takmarkinu er náð, má útbyta öllum ársvöxtum samkvæmt tilgangi gefandans.

Þyki ekki ástæða til að veita styrk af sjóðnum, skal leggja alla vextina við höfuðstól.

### 3. gr.

Vöxtum af sjóðnum skal varið til að styrkja unga, efnilega fátæka menn eða konur til utanferða til að afla sjer frekari þekkingar í búnaðar- eða alþýðufræðslumálum. Þeir, sem hafa sótt Eiðaskóla, eða þann skóla, sem kynni að koma í stað hans á Austurlandi, skulu einir hafa rjett til að njóta styrksins, og ávalt sje styrkþegi búsettur í hinum forna Austfirðingafjórðungi.

### 4. gr.

Sjóðurinn skal standa undir stjórn skólanefndar Eiðaskóla, eða þess skóla, sem í hans stað kynni að koma. Hún veitir styrkinn og semur árlega reikning sjóðsins, og skal birta hann í ársriti skólans og B-deild Stjórnartíðindanna.

### 5. gr.

Verði Eiðaskóli lagður niður, án þess að nokkur búnaðar- eða alþýðuskóli komi í stað hans, skulu sýslunefndir innan Austfirðingafjórðungs kjósa

þriggja manna nefnd, sem hafi á hendi stjórn stjóðsins. Getur hún veitt styrk- **123**  
inn mönnum úr Austfirðingafjórðungi, sem sótt hafa aðra skóla, en aldrei má 27. okt.  
breyta útaf þeim tilgangi gefandans, að styrkurinn gangi til aukinnar þekk-  
ingar á búnaðarmálum og alþýðufræðslumálum.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Eiðum, 10. júní 1915.

Í skólanefnd Eiðaskóla.

*Björn Hallsson. Þórarinn Benediktsson.*

*Gunnar Pálsson.*

## Reikningur

124

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð fyrir árið 1914.

Stofnfje: Hlið í Grafningi í Árnessýslu 22.6 hndr. að n.m.

Tekjur:

Afgjald af Hlið í Grafningi 1914 . . . . .	kr.	116 00
	kr.	116 00

Gjöld:

1. Styrkur veittur Stefaniu Bjarnadóttur frá Framnesi . . . . .	kr.	100 00
2. Lagt í Söfnunarsjóð Íslands . . . . .	—	15 00
3. Keypt viðskiftabók við Söfnunarsjóðinn . . . . .	—	1 00
	kr.	116 00
	kr.	116 00

Reykjavík, 3. febrúar 1915.

*Oddur Hermannsson,*  
fjehirðir sjóðsins.